

53  
31. marz

- því, að tölunni í hverri af þessum töflum beri saman við fólksfjöldann eptir hreppstjóraskýrslunum.
3. Í töflunni nr. 3 skal engan tilgreina nema á einum stað, en telja skal hvern einn í þeim flokki, sem helzti atvinnuvegur hans heyrir undir; þó bóndi t. a. m. sje smíður, eða róí til fiskjar á vertíðum, skal samt telja hann í 4. grein, ef kvikfjárroekt er helzti atvinnuvegur hans. Í dálkinn A. skal telja hvern þann, sem stendur fyrir atvinnuvegi, hvort það er karl eða kona, en í dálkinn B. alla aðra sem hafa framfærslu af atvinnuvegum, þó svo, að í seinni dálkinum, þar sem «Hjú» er ritað yfir, skal einungis telja vinnuhjú.
  4. Ekkjur eða stúlkur, sem halda áfram atvinnuvegi manna sinna eða fedra eða hafa annan atvinnuveg sjer, skal telja í dálkinum A. í 3. töflu.
  5. Hafi kona manns sjerstakan atvinnuveg, annan en maðurinn (t. a. m. yfirsetukonur) skal hún talin í dálkinum A í þeim flokki, sem atvinnuvegur hennar heyrir undir, og skal henni þá sleppt í dálkinum B.
  6. Þótt eigi sje þess getið í hreppstjóra skýrslunum, á hverju einhver lífi, skal þó eigi þegar telja hann í 10. flokk með þeim, sem ekki hafa ákveðinn atvinnuveg, heldur skal þess nákvæmlega gætt, hvort eigi megi telja hann í einhverjum af hinum flokkunum; svo er t. a. m. um konu, sem skilin er við mann sinn, en lifir þó einkum af styrk þeim, sem maðurinn veitir henni, að hana skal telja í dálkinum B. í þeim flokki, þar sem maður hennar er.
  7. Þegar prestur er búinn að semja sóknatöflurnar, skal hann senda þær prófastinum í prófastsdöminu ásamt hreppstjóraskýrslunum, sem hann hefir haft fyrir sjer. Ber prófastinum að gæta að, hvort gallar sjeu á töflunum, og sjeu þeir, skal hann senda þær aptur prestinum til leiðrjettingar; einkum skal prófastur sjá um, að tölunum í sóknatöflunum nr. 1 og 3 beri saman sín á milli og við fólkstöluna eptir hreppstjóraskýrslunum. Því næst skal hann senda sóknatöflurnar og hreppstjóraskýrslurnar úr öllu prófastsdömi sínu ásamt töflunum yfir sóknir sjálfs hans og uppskript á sóknunum í prófastsdöminu hið bráðasta til landshöfðingja, en eigi þarf hann að búa til töflur yfir allt prófastsdömið eptir sóknatöflunum.

54  
31. marz. *Eyðublöðin* undir «skýrslur um fólkestal 1. dag októberm. 1880» innihalda þessa kafla og dálka:

1. Bøjanöfn og húsa.
2. Tala heimilanna á hverjum bæ eða í hverju húsi.
3. Númer.
4. Full nöfn allra heimamanna á hverjum bæ eða í hverju húsi. Óskirð börn tilfærast á þann hátt, að sagt sje til kyns barnsins (óskirður drengur eða óskirð stúlka).
5. Kyn, karlkyn (K) eða kvennkyn (Kv).
6. Aldur hvers eins; að eins full aldursár skulu með talin. Börn, sem eru á fyrsta árinu tilfærast sem «eigi árgömul».
7. Gipt (G.) ógipt (Ó.), ekkja (E.) eða skilið úr hjónabandi (S.).
8. Trúarbrögð.
9. Føðingarstaður (sókn og amt, eða land, ef føddur er utan Íslands).
10. Staða á heimilinu, húsbóndi, húsmóðir, börn, ættfólk, hjú, menn til húsa á heimilinu, nafnbót, embætti, starf, atvinnuvegur, eða á hverju þeir lifa, eða hvort þeir eru á sveit.

11. Af þessum voru: a, mál- og heyrnarlausir; b, heyrnarlausir (alveg sviptir heyrn); c, blindir (alveg sjónlausir); d, fábjánar; e, geðveikir. **54**  
31. marz
12. Athugasemdir.
13. Viðaukaskýrsla A. um þá, sem eru staddir í sókninni, en eiga þar eigi heima: a, bæjanöfn og húsa; b, hið fulla nafn; c, kyn; d, aldur; e, gipt eða ógipt; f, trúarbrögð; g, fæðingarstaður; h, staða á heimilum, atvinnuvegur eða, á hverju þeir lifa; j, hið eiginlega heimili þeirra; k, athugasemdir.
14. Viðaukaskýrsla B. um þá, sem um stundarsakir eru utan sóknar: a, bæja nöfn og húsa; b, hið fulla nafn; c, kyn; d, aldur; e, gipt eða ógipt; f, trúarbrögð; g, fæðingarstaður; h, staða á heimilinu, atvinnuvegur eða, á hverju þeir lifa; j, sá staður, þar sem hann er um stundarsakir; k, athugasemdir.

Eyðublöðin undir *fólkstalstöflur* þær, er prestar eiga að semja, eru í öllu verulegu lagaðar eptir fyrirmynd þeirri, sem prentuð er við stjórnardeildarbrjef 15. maí 1855 í «Lovsamling for Island» XVI bls. 186—188, og er þeim eins og henni skipt í 3 kafla: Nr. 1. «Eptir aldri, kyni og hvort gipt sjeu eða ógipt eða skilin úr hjónabandi». Nr. 2. «Eptir trúarbrögðum». Nr. 3. «Eptir atvinnuegum». Verulegasta breytingin er, að prestar nú eiga að flokka fólkinu í sóknum sínum eptir því, hvort það sje fætt á sama árinu (ekki á sama 5 ára tímabilinu) og að sleppt er athugasemdinni við Nr. 1. um fjölgun eða fækkun fólksins frá hinu síðasta almenna manntali.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á ólögildum* **55**  
póstmerkjum. — Þjer hafið herra landshöfðingi skýrt ráðgjafanum frá, að á póststofunni í Reykjavík liggi enn leifar af íslenskum póstmerkjum, sem ekki hafa verið seld, áður en þau með brjefi ráðgjafans frá 7. desember 1876<sup>1</sup> voru innkolluð sem ógild, og sje verðupphæð þeirra að nafninu til 8296 kr. og hafið þjer í annan stað lagt það til í þóknanlegu brjefi frá 26. nóvember f. á., að yður mætti veitast heimild til að selja þessar eptirstöðvar fyrir hönd póststjórnarinnar, þannig að kaupandanum veitist 40—50% afsláttur af upphæð þeirri, sem póstmerkin hljóða upp á, ef keypt er að minnsta kosti fyrir 500 kr. í einu og með því skilyrði, að kaupinu sje skipt niður á póstmerkja eptirstöðvar þær, sem nú eru fyrir hendi af hverri tegund um sig, þó þannig að póststofunni sje áskildar að minnsta kosti 2 eða 3 arkir af hverri póstmerkjategund, til þess að geta selt kaupöndum, er minna kaupa, fyrir fullt verð.

Fyrir því lætur ráðgjafinn ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að tillögur yðar eru hjer með samþykktar.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um afnám prestsmötugjalds.* — Samkvæmt tillögum ráðgjafans að meðteknu þóknanlegu brjefi yðar herra landshöfðingi, frá 17. nóvember f. á. þóknaðist hans hátign konunginum 17. þ. m. allra mildilegast að samþykkja, að jarðirnar Hoffell, Svínafell og Setberg í Hoffellskirkjusókn í

1) Sjá auglýsingu landshöfðingja 27. marz 1877 (Stjórnartíð. s. á. B. 62).

LEIÐRJETTINGAR: Bls. 44 l. 28 að ofan; „skipt með 5“ les skipt með 6.  
Bls. 53 l. 21 að ofan: „töflur þessar með“ les töflur með.

Hinn 28. apríl 1880.